

79. stjórnarfundur Vestfjarðastofu og Fjórðungssambands Vestfirðinga haldinn í fjarfundi þann 26. júní kl 12.00

Mætt voru: Gylfi Ólafsson formaður, Hrafnhildur Þorsteinsdóttir, Gauti Geirsson, Kristján Jón Guðmundsson, Martha Kristín Pálmadóttir, Sif Huld Albertsdóttir, Lilja Sigurðardóttir og Þórkatla Soffía Ólafsdóttir.

Lilja Sigurðardóttir sat fundinn sem fulltrúi í stjórn í stað Önnu Bjargar Þórarinsdóttur sem boðaði forföll.

Guðmundur Fertram Sigurjónsson boðaði forföll en vegna skamms fyrirvara tókst ekki að boða varamann í hans stað.

Auk þess sátu fundinn Sigríður Ólöf Kristjánsdóttir framkvæmdastjóri, Guðrún Anna Finnbogadóttir, teymisstjóri atvinnusviðs og Aðalsteinn Óskarsson, sviðsstjóri byggðapróunar sem ritaði einnig fundargerð.

Boðuð dagskrá fundarins er sem hér segir

Fundur stjórnar Vestfjarðastofu

1. Nýir stjórnarmenn
2. Yfirferð á stöðu verkefna & skýrsla framkvæmdastjóra
3. Hálfársuppgjör Vestfjarðastofu
4. Hvítbók um byggðamál
5. Fundargerðir til kynningar
 - a. [Stjórn SSH 628. fundur 11.05.2026](#)
 - b. [Fundargerð 83. fundar stjórnar SSNE 7. maí 2026](#)
 - c. [Fundargerð 140. fundar stjórnar SSNV 3. júní 2026](#)
 - d. [Fundargerð 137. fundar stjórnar SSNV 24. febrúar 2026](#)
 - e. [625. fundur stjórnar SSH 16. mars 2026](#)
 - f. [170. Stjórnarfundur Austurbrúar 24. apríl 2026](#)
 - g. [Fundargerð stjórnar SSA 4. júní 2026](#)
 - h. [637. fundur stjórnar SASS 5. júní 2026](#)
 - i. [824. fundur Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum 11. júní 2026](#)

Fundur stjórnar FV

1. Kosning varaformanns stjórnar FV
2. Drög að endurskoðaðri fjárhagsáætlun 2026
3. Minnisblað vegna umsagna og þingmála
4. Efni haustþings FV
5. Staðfesting Svæðisskipulags Vestfjarða 2025-2050

Fundur stjórnar Vestfjarðastofu

Formaður setti fundinn og kannaði hvort athugasemdir væru við boðun fundarins, engar athugasemdir komu fram og fundur því settur

1. Nýir stjórnarmenn

Formaður kynnti að lögð sé fram þinggerð 71. Fjórðungspings Vestfirðinga á kosningaári, sem haldið var í fjarfundi þann 24. júní 2026. Á þinginu var kosið til stjórn, nefndir og ráð á vegum Fjórðungssambands Vestfirðinga.

Eftirfarandi tillaga var samþykkt um um stjórn og varastjórn Fjórðungssambandsins 2026-2028

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga

Aðalmenn	Sveitarfélag	Varamenn	Sveitarfélag
Hrafnhildur Þorsteinsdóttir	Strandabyggð	Sigrún Sverrisdóttir	Árneshreppi
Gylfi Ólafsson	Ísafjarðarbæ	Elísabet Samúelsdóttir	Ísafjarðarbæ
Þórkatla Soffía Ólafsdóttir	Vesturbyggð	Hlynur Ársælsson	Vesturbyggð
Kristján Jón Guðmundsson	Bolungarvíkurkaupstað	Birta Lind Garðarsdóttir	Súðvíkurhreppi
Martha Kristín Pálmadóttir	Ísafjarðarbæ	Kristján Þór Kristjánsson	Ísafjarðarbæ

Tillaga um formann stjórnar var samþykkt sem hér segir

Formaður stjórnar

Gylfi Ólafsson	Ísafjarðarbæ
----------------	--------------

Síðan segir í þinggerðinni um fyrirkomulag formennsku í stjórn Fjórðungssambandsins 2026-2028 og þar með Vestfjarðastofu.

Formaður kjörnefndar Fjórðungspings kynnti að stjórnarmennirnir Gylfi og Þórkatla Soffía hefðu gert að samkomulagi að Gylfi yrði formaður fyrsta starfsár nýrrar stjórnar þ.e. til og með 72. Fjórðungspings Vestfirðinga að hausti. Þórkatla tæki þá við embætti formanns og myndi sækjast eftir endurnýjuðu umboði til formennsku stjórnar Fjórðungssambandsins á 73. Fjórðungspingi Vestfirðinga að hausti til næstu tveggja ára. Alls sæti Þórkatla í embætti formanns til þriggja ára innan kjörtímabils sveitarstjórna 2026-2030.

Í samræmi við samþykktir Vestfjarðastofu koma þessir nýju stjórnsmenn inn í stjórn Vestfjarðastofu. Formaður þakkaði samstarf með fráfaramandi stjórnarmönnum og bauð nýja stjórnarmenn velkomna til starfa og bauð stjórn og starfsmönnum að kynna sig.

Formaður gaf framkvæmdastjóra orðið, hún bauð nýja stjórnarmenn velkomna til starfa. Hún kynnti síðan skipurit, fyrirkomulag stjórnarfunda m.a. skiptingu mála og verkefna á milli stjórna Vestfjarðastofu og Fjórðungssambands, afgreiðslu fundargerða og aðgengi að gögnum.

2. Yfirferð á stöðu verkefna og skýrsla framkvæmdastjóra

Framkvæmdastjóri kynnti munnlega skýrslu framkvæmdastjóra þar sem farið er yfir stöðu og framkvæmd verkefna VFS það sem af er ársins og eftir tilefni gaf til um næstu skref.

3. Hálfársuppgjör Vestfjarðastofu

Framkvæmdastjóri lagði fram til kynningar stöðu rekstar Vestfjarðastofu fyrstu sex mánuði ársins. Rekstur er að mestu í samræmi við áætlanir.

Umræða um 2. og 3. lið dagskrár tekin saman.

Til máls tóku auk formanns og framkvæmdastjóra, Guðrún Anna, Gauti, Kristján, Þórkatla, Hrafnhildur og Aðalsteinn

4. Hvítbók um byggðamál (til kynningar og umræðu)

Lög fram til kynningar Hvítbók um byggðamál og er til umsagnar í Samráðsgátt til 18. ágúst n.k., er skjalið byggt á vinnu á gerð Grænbókar og umsögnum við hana. Hvítbók verður síðan grundvöllur fyrir endurskoðaðar Byggðaáætlunar sem verður lögð fram á Alþingi nú í haust.

Formaður lagði fram tillögu að formanni, framkvæmdastjóra og sviðsstjóra falið að vinna drög að umsögn og kynna fyrir stjórn.

Tillagan samþykkt samhljóða.

5. Fundargerðir til kynningar

- a. [Stjórn SSH 628. fundur 11.05.2026](#)
- b. [Fundargerð 83. fundar stjórnar SSNE 7. maí 2026](#)
- c. [Fundargerð 140. fundar stjórnar SSNV 3. júní 2026](#)
- d. [Fundargerð 137. fundar stjórnar SSNV 24. febrúar 2026](#)
- e. [625. fundur stjórnar SSH 16. mars 2026](#)
- f. [170. Stjórnarfundur Austurbrúar 24. apríl 2026](#)
- g. [Fundargerð stjórnar SSA 4. júní 2026](#)
- h. [637. fundur stjórnar SASS 5. júní 2026](#)
- i. [824. fundur Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum 11. júní 2026](#)

Fundur stjórnar FV

1. Kosning varaformanns stjórnar FV

Með vísan til 1. liðar í dagskrá stjórnar Vestfjarðastofu um kjör á stjórn og varastjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga er þinggerð 71. Fjórðungspings Vestfirðinga á kosningarári lögð fram til kynningar.

Ný stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga er

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga

Aðalmenn	Sveitarfélag	Varamenn	Sveitarfélag
Hrafnhildur Þorsteinsdóttir	Strandabyggð	Sigrún Sverrisdóttir	Árneshreppi
Gylfi Ólafsson	Ísafjarðarbæ	Elísabet Samúelsdóttir	Ísafjarðarbæ
Þórkatla Soffía Ólafsdóttir	Vesturbyggð	Hlynur Ársælsson	Vesturbyggð
Kristján Jón Guðmundsson	Bolungarvíkurkaupstað	Birta Lind Garðarsdóttir	Súðavíkurhreppi
Martha Kristín Pálmadóttir	Ísafjarðarbæ	Kristján Þór Kristjánsson	Ísafjarðarbæ

Tillaga um formann stjórnar var samþykkt sem hér segir

Formaður stjórnar

Gylfi Ólafsson	Ísafjarðarbæ
----------------	--------------

Í samræmi við samþykkt þingsins mun Gylfi sinna formennsku til og með 72. Fjórðungspings Vestfirðing haustið 2027 og Þórkatla taka þá við formennsku í stjórn fram til 73. Fjórðungspings að hausti en sækjast þar eftir endurkjöri til næstu tveggja ára. Alls sæti Þórkatla í embætti formanns til þriggja ára innan kjörtímabils sveitarstjórna 2026-2030.

Formaður kynnti að stjórn Fjórðungssambandsins skipti með sér verkum með skipan varaformanns stjórnar. Hildur Aradóttir sem nú væri að ganga úr stjórn hefði sinnt því verkefni og þakkaði formaður henni fyrir það. Nú óskaði þá formaður eftir tillögu um varaformann stjórnar, fram kom tillaga að Þórkötlunni Soffíu Ólafsdóttur. Aðrar tillögur komu ekki fram og tillaga um varaformann samþykkt samhljóða.

2. Drög að endurskoðaðri fjárhagsáætlun 2026

Formaður gaf sviðsstjóra orðið. Hann kynnti drög að endurskoðaðri fjárhagsáætlun 2026 sem hann vísaði til stjórnar til umsagnar og umfjöllunar í fjárhagsnefnd. Fram kom að framlög til áhersluverkefna, C1 aðgerðar og framlög Jöfnunarsjóðs hefðu reynst hærri en áætlað var, er nemur 72,3 mkr. En samhliða hækka útgjöld til C1 aðgerða og áhersluverkefna um 66 mkr á grundvelli samþykktar stjórnar Fjórðungssambandsins og stýrihóps stjórnarráðsins um byggðamál. Eftir stæði tillaga um hækkun framlags til varasjóðs stjórnar um 6,2 mkr og 0,4 mkr hækkun framlags til Vestfjarðastofu til þróunar og vinnu að verkefnum Sóknaráætlunar.

Formaður gerði tillögu að stjórn fjallaði um efni endurskoðarar fjárhagsáætlunar á 80. fundi stjórnar í ágúst n.k.. Tillagan samþykkt.

3. Minnisblað vegna umsagna og þingmála (AÓ)

Formaður gaf sviðsstjóra orðið. Hann kynnti efni minnisblaðs um tilefni og framkvæmd umsagna til Alþingis og í Samráðsgátt stjórnvalda. Hann fór síðan yfir efni þeirra umsagna sem unnar hafa verið frá vori 2025 og fram í maí 2026.

Eins vakti hann athygli á að mál sem tengjast lagareldi og umgjörð sjókvíaeldis (öryggismál siglinga og öryggismál fjarskiptastrengja) á Alþingi fengu ekki brautargengi.

Til máls tóku auk formanns, Kristján, Þórkatla, Martha og Hrafnhildur

4. Efni haustþings FV

Framkvæmdastjóri vísaði til samþykktar 71. Fjórðungssambands Vestfirðinga á kosningaári um efni 71. Fjórðungspings Vestfirðinga að hausti og dagsetningu þingsins. Stjórn samþykkir að fela framkvæmdastjóra að undirbúa dagskrá þingsins í samræmi við ályktun.

Vísað var til stjórnar að breytttri dagssetningu þingsins, vegna skörunar við Hafnarsambandsþing og aðra viðburði og eða starfsemi sveitarfélaganna. Framkvæmdastjóra falið að finna nýja dagsetningu á grundvelli umræðu á fundinum og kynna hana fyrir sveitarfélögunum.

5. Staðfesting Svæðisskipulags Vestfjarða 2025-2050

Lögð fram tilkynning í Skipulagsgátt þann 18. júní 2026, um staðfestingu HMS á Svæðisskipulagi Vestfjarða 2025-2050. Tilkynning um staðfestinguna verður tilkynnt í Stjórnartíðindum, þegar lokaútgáfa skipulagstillögu með undirritun sveitarstjórna og HMS liggur fyrir.

Sviðsstjóri kynnti hugmynd að viðburði í tilefni af samþykkt svæðisskipulagsins, þann 27. ágúst n.k. á Kollabúðum í Þorskafirði og á Hótel Bjarkarlundi. Boðið yrði fulltrúum sveitafélaga, HMS og svæðisskipulagsnefnd, þingmanna og annarra gesta. Formaður lagði til að fela sviðsstjóra og starfsmönnum að skipulag þessa viðburðar. Tillagan samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 14.12.